

RANNSÓKN OG LÍFSSKOÐANIR.

Eftir

GUÐMUND ÁRNASON.



[Niðurlag].



INAR miklu uppgötvanir, sem gerðar voru í stjörnufræði og eðlisfræði á 16. og 17. öldinni, gjörbreyttu þekkingu manna á heiminum. Fyr eða síðar hlaut þessi afar mikilsverða breyting að koma fram í lífskoðunum. Hin fyrstu áhrif þeirra sjást í heimspeki 17. aldarinnar. Hin stórkostlegu heimspekisskoðanakerfi, sem þá voru samin, sýna, að menn voru komnir út úr hinum þrönga heimi fyrri alda. En skoðanir manna eins og Descartes og Spinoza, og annara heimspekinga, voru of erviðar viðfangs fyrir flesta; áhrif þeirra á lífsskoðanir manna yfirléitt voru ekki eins þýðingarmikil og skoðanirnar voru í sjálfu sér, enda eru það kenningar vísindanna, en ekki heimspekinnar, sem beinust áhrif hafa á hugsunarhátt almennings. Í skynsemistrúarstefnu 18. aldarinnar með öllum þeim afleiðingum, sem hún hafði í för með sér í félagslífi manna, sjáum vér áhrif rannsóknarinnar á lífsskoðanirnar betur en nokkurstaðar annarstaðar. Skynsemistrúarstefna þessi útbreiddist frá Frakklandi, og hún flutti með sér nýjar lífsskoðanir um allan heim. Hugmyndin um hinn náttúrlega rétt og frelsi mannsins var ávöxtur hennar, og fáar hugmyndir hafa gæntekið sálir manna og gefið þeim þrek til að berjast gegn kúgun og órétti eins og sú hugmynd. Marnúðarleysi og þrældómsástand miðaldanna byrjar að hverfa, þegar að skoðunin um mannréttindi kemur í stað hinnar viðteknu skoðunar, að öll réttindi tilheyrðu hinum hærra stéttum, og að alþýðan ætti að vera þeim undirgefin. Áhrifin á trúarskoðanirnar voru jafn heillaríkar og áhrifin á stjórnafræðilegu skoðanirnar. —Þó að margar af skoðunum skynsemistrúarmannanna trúarbrögðunum viðvíkjandi væru rangar, var samt aðalstefna þeirra alveg rétt—að trúarskoðanir svo sem alt annað ættu að leggjast